

Fundargerð - Fræðslunefnd

13. janúar 2025 - fundur hófst kl. 17:00

Sigrún Erla, Margrét Sif og Dagbjört Dúna

Tónlistarskóli Snæfellabæjar

Valentina koma á fundinn og fór yfir tónlistarskólamálin.

- Allt gott að fréttu úr tónlistarskólanum
- 76 nemendur og það eru nokkrir á biðlista.
- Framundan – Vortónleikar, tónfundir í febrúar, Dagur tónlistarskólans.
- Jenni er í veikindarleyfi kemur vonandi aftur inn fljótlega
- Húsnæðið: Búið að stækka þar sem tónlistarskólinn fékk rýmið sem eldri borgararnir voru með og stefnt er að taka það í notkun eftir sumarfrí.

Grunnskóli Snæfellsbæjar

Hilmar Már og Kristín Helga komu á fundinn og fóru yfir mál grunnskólans.

- Allt gott að fréttu úr grunnskólanum
- Starfsáætlun hefur verið lögð fram til kynningar.
- Verkfærakistan frá KVAN hefur verið fenign í samstarf með starfsfólkinu varðandi samskipti og hópefli.
- Jólaúttarpið gekk vel
- 7.-10. Bekkur er að fá fræðslu um skaðsemi nikótíns.
- Inga myndmentakennari hefur verið að dugleg að sækja fyrirlestra fyrir nemendur sem tengjast listum.
- Hilmar er byrjaður að starfsmannasamtölin fyrir næsta skólaár og koma þau vel út, vill klára þau í janúar.

- Auglýsa þarf einhverjar stöður fyrir veturinn 2025-2026
- Hvað varðar viðhald þá þarf að halda áfram að laga það sem þarf að laga

Rætt var um að Snæfellsbær þar að fara búa til nýja menntastefnu/skólastefnu því sú sem er í gildi er orðin mjög gömul og það þarf að uppfæra hana eða búa til nýja.

Leikskóli Snæfellsbæjar

Hermína, Linda og Þórey komu og fóru yfir mál leikskólans.

- Ýmis fræðsla fyrir starfsfólk: smitsjúkdómar barna, Aðalheiður: erfið hegðun barna einnig ætla Vanda Sig frá KVAN að koma með smá fyrirlestur fyrir starfsfólk næst þegar hún kemur í Grunnskólann út frá verkfærakistunni.
- Í mars er starfsdagur og ætlar starfsfólk að fara í skólaheimsóknir í Borgarnes og á Akranes.
- Stjórnendur ætla að fara í smá yfirferð með starfsfólki hvað varðar grunnþætti menntunar og taka hvern þátt fyrir sig til að minna starfsfólk á.
- Innleiðing á breytingum í aðalnámskrá hefur verið tekin inn á leikskólann
- Umbótaráætlun varðandi innramatið það er unnið í samráði við starfsfólk.
- Stjórnendur hafa búið til lausnarleitarteymi innan leikskólans þar sem fundað er reglulega
- Fimmtudagsmolarnir eru að fara til foreldra alla fimmtudaga.
- Engir biðlistar- alls 78 nemendur verða 80 talsins í febrúar.
- Foreldraviðtöl eru í febrúar
- Breyting á haustfundum sem er að koma vel út, deildarstjórar eru að stýra þeim og þá er hver deild að fara yfir veturinn og hvað sé framundan.

- Klára skólanámskránnu og það þarf að setja inn sjálfbrotna leikinn samkvæmt aðalnámskrá.
- Viðbyggingin gengur ágætlega, hefur tafist smá en mikil spennu er fyrir að taka þetta í notkun.
- Starfsmannamál: það þarf að auglýsa eitthvað fyrir veturinn 2025-2026
- Bréf frá Hermínu leikskólastjóra um faliðunarstefnu – rætt var út á hvað stefnan gengi og hvers vegna þær vilja að Snæfellsbær taki upp slíka stefnu.

Við í fræðslunefndinni erum sammála því að slík stefna er mikilvæg fyrir leikskólastjóra að hafa ef erfitt verður að halda úti leikskólastarfi og tryggja öryggi barnanna vegna mikillar manneklu sem hætta er á að skapist vegna veikinda og annarra óviðráðanlegra aðstæðna hjá starfsfólki.

Fundi slitið 19:00